

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2013

4. tbl. 20. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Jón Heiðar Gunnarsson leikmaður ÍR og Ólafur Hrannar Kristjánsson leikmaður Leiknis tóku við heillaóskum frá Jóni Gnarr borgarstjóra í blíðskaparveðri á sundlaugarbakkanum í Austurbergi en sannkallað bikarregn varð í Breiðholti á dögnum. Sjá nánar í frétt á ÍR-síðunni.
Mynd: Haukur.



Sveinsbakari

Hólagarði og Arnarbakka

Lyfjaval

APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



Slökkvitækjaþjónustan

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Velkomin í Landsbankann í Mjódd

Ánægðustu viðskiptavinirnir eru í Landsbankanum. Útibúið í Mjódd er opið alla virka daga frá 9.00 til 16.00. Við tökum vel á mót þér.

Landsbankinn í Mjódd landsbankinn.is 410 4000

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI



Apótekið
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Frábær tilboð

<u>LAX</u> Verð áður 2.598 kr./kg. Verð núna 1.998 kr./kg.	<u>STÆRRI GRILLAÐIR</u> <u>KJÚLLAR ALLA DAGA.</u> 1.398 kr./kg.	<u>TOPPUR ½ LÍTRA</u> Verð áður 180 kr. Verð núna 99 kr.	<u>VANILLU ÍSPINNAR</u> 10 STK Verð áður 874 kr. Verð núna 698 kr.	<u>OSTAR FRÁ MS</u> <u>HÖFÐINGI</u> Verð áður 447 kr. Verð núna 411 kr.	<u>LJÓTUR</u> Verð áður 640 kr. Verð núna 568 kr.
<u>SVÍNAKÓTILETTUR</u> Verð áður 1.898 kr./kg. Verð núna 1.498 kr./kg.	<u>MYLLU GULRÓTAKAKA</u> Verð áður 1.466 kr. Verð núna 1.098 kr.	<u>KJÖRÍS</u> <u>VANILLU- OG SÚKKULAÐI ÍS</u> 1 LÍTRA Verð áður 769 kr. Verð núna 598 kr.	<u>GRENIR FROSTPINNAR</u> 10 STK Verð áður 694 kr. Verð núna 598 kr.	<u>DALAAUÐUR</u> Verð áður 520 kr. Verð núna 473 kr.	
<u>SVÍNAHNAKKI</u> Verð áður 1.898 kr./kg. Verð núna 1.498 kr./kg.					
<u>SVÍNALUNDIR</u> Verð áður 2.698 kr./kg. Verð núna 1.998 kr./kg.					

Þín verzlun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 20. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Viljum fá konur úr Breiðholti í fjölmennningarverkefni

„Við höfum mikinn áhuga á að virkja fólk í Breiðholti til að tilnefna konur í þetta verkefni en hægt er að koma með tilnefningar til 26. apríl,“ segir Kristín R. Vilhjálmssdóttir verkefnastjóri fjölmennningar hjá Reykjavíkurborg í samtali við Breiðholtsblaðið. Um er að ræða verkefnið Heimsins konur á Íslandi miðar að því að gera framlag kvenna af erlendum uppruna til íslenskrar menningar og samfélags sýnilegt. Með framlagi til íslensks samfélags er átt við hvers konar jákvæð áhrif á umhverfi sitt, hvort sem er nánasta umhverfi svo sem á vinnustað, í tilteknum hópi eða nærumhverfi eða í stærra samhengi. Gefin verður út viðtalsbók um þátttöku fjölda erlendra kvenna í íslensku samfélagi og samhliða útgáfu hennar verður sett upp ljósmyndasýning og vefur.

Kristín segir að verkefninu standa fjórar konur af íslenskum og erlendum uppruna í samvinnu við Söguhring kvenna, sem er samstarfsverkefni Borgarbókasafns Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Konurnar fjórar eru Ania Wozniczka, Kristín R. Vilhjálmssdóttir, Kristín Viðarsdóttir og Letetia B. Jónsson. „Framlag þeirra fjölmörgu kvenna sem hafa af ýmsum ástæðum kosið að gera Ísland að heimili sínu er ómetanlegt. Búseta kvenna af erlendum uppruna á Íslandi auðgar íslenska menningu og samfélag, opnar



Þessa mynd getum við kallað fjölmenningu en hún á uppruna að rekja til Fellaskóla þar sem börn sem eiga uppruna í ýmsum menningarsamfélögum stunda nám.

augu fólks fyrir ólíkum hugsunarhætti og menningu og skapar nýja möguleika í annars nokkuð einsleitu samfélagi. Með því að gera framlag þessara kvenna sýnilegt og fagna því vilja aðstandendur verkefnisins styrkja fjölmenningu á Íslandi sem og sjálfsmynd kvenna af erlendum uppruna, enda hefur framlag þeirra ekki alltaf verið metið sem skyldi. Að sama skapi getur verkefnið beint sjónum að því sem tengir fólk þvert á ólíka menningu,“ segir Kristín.

Þeir sem vilja leggja þessu verkefni lið geta tilnefnt konur af erlendum uppruna sem búsett- ar eru á Íslandi með því að senda

inn ábendingar fram til 26. apríl næstkomandi í gegnum heimasíðu Borgarbókasafns, www.borgarbokasafn.is eða með því að senda tölvupóst á netfangið heimsinskonur@gmail.com.

Framtíð Breiðholtsins er björt

Breiðholtið er fjölmennasta byggðarlag Reykjavíkur. Með byggingu þess var haldið á nýjar lendum í þróun borgarinnar. Byggðarlagið var skipulagt frá grunni fyrir utan fyrri byggðir. Gengið var út frá að þessi nýja byggð yrði að mestu sjálfbær. Skammt yrði í þjónustu og hún jafnvel í göngufæri við íbúana. Ýmsum nýjungum var beitt. Bakkahverfið er skipulagt sem ein samstæð held. Í Seljahverfinu er þétt byggð þar sem umferð er takmörkuð mjög með botnlöngum og einstefnugötum. Hóla- og Fellahverfin hafa einnig sýna kosti þótt skipulegs- og arkitektúrleg mistök hafi verið gerð í hluta þess – einkum í Fellunum. Með Breiðholtinu var unnið kraftaverk í íslenski byggingasögu. Yfir 20 þúsund manna byggð var reist á fáum árum. Vandræðahúsnæði sem lengi hafi verið til vansa í Reykjavíkurborg var útrýmt og nýir möguleikar opnuðust fyrir fólk að flytja til borgarinnar.

Ýmsar þjóðfélagsbreytingar urðu til þess að sú þjónustustarfsemi sem hönnuðir Breiðholtsins gerðu ráð fyrir komast ekki á fót eða í lengdist ekki í byggðahlutunum. Einkum réð þar stórmarkaðavæðingin sem eldist mjög á lokaártaug liðinnar aldar þegar verslunar- og þjónustustarfsemi fluttist í miklum mæli í verslanamiðstöðvar þar sem öll áhersla var lögð á ferðir einkabílsins. Með hækkandi eldsneytisverði og auknum kostnaði við bílferðir hafa óskir um að fá þjónustuna til baka inn í íbúahverfin komið fram. Spurning um hvort þessi þróun mun ganga að einhverju leyti til baka er ósvarða en alls ekki útilokað að svo geti farið.

Frumbyggjar Breiðholtsins komu víða að. Úr öðrum borgarhlutum. Úr nágrennabyggðum og utan af landi. Á síðari árum hefur fólk sem á sér erlendar rætur skotið sínum rötum þar. Breiðholtið varð því snemma fjölbreytt að innri gerð sem gefið hefur byggðinni aukið litríki í gegnum árin.

Engin ástæða er fyrir Breiðholtsbúa að örvænta um framtíðina. Þeir eru miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og úr Breiðholti er skemmst til allra átta í nágrenninu. Afmörkun Breiðholtsins á bökkum Elliðaárdalsins er nokkuð sem ekki verður frá Breiðhyltingum tekin. Umhverfið og ekki síður fjölbreytileiki mannlífsins mynda ákveðin styrk fyrir þessa borgarbyggð - styrk sem óvída er að finna á byggðu bóli hér á landi. Framtíð Breiðholtsins er björt en vissulega er hún undir íbúunum sjálfum komin.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignauumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

d:fi
milk_shake

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

ibuprofen 400 mg
20 táblur

Actavis

Glerjadagar 30% afsláttur af öllum sjónglerjum

Vissir þú að margskipt gler geta verið mismunandi að gerð og gæðum?

Við bjóðum eingöngu upp á gler með "free form" tækni og er sjónsviðið því breiðara en almennt gerist.

Hægt er að ráða hraða skiptingar og sérsníða glerin eftir þörfum hvers og eins.

Frí sjónmæling og sérfræðiráðgjöf í glerjavali.

Verið velkomin í eina glæsilegustu gleraugnaverslun landsins



Álfabakka 14a s. 527 1515

Ný verslun í göngugötu gleraugnabudin@gleraugnabudin.is



Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður



Guðlaugur Þór Þórðarson

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Teitur Björn Einarsson

Vilhjálmur Bjarnason, Garðabæ

Ingvar Garðarsson

Sigríður Á. Andersen

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Pétur Blöndal

Pórey Vilhjámsdóttir

Áslaug María Friðriksdóttir

Það er bara einn flokkur sem mun koma atvinnulífinu í gang

Góð og vel launuð störf eru grundvöllur velferðar fólksins í landinu. Þess vegna þarf öflugt atvinnulíf sem býr við stöðugleika og hvetjandi skilyrði.

- › Afnumum gjaldeyrishöft
- › Lækkum skatta og gjöld
- › Eflum einkaframtak og nýsköpun
- › Minnkum ríkisafskipti og miðstýringu

Öflugt atvinnulíf - Næg atvinna - Traust heilbrigðiskerfi

VIÐTALIÐ

Netgrúskið varð að Skramba

Jón Friðrik Daðason tölvunarfræðingur er ættaður úr Breiðholtinu. Hann flutti þangað á fyrsta ári og fjölskyldan bjó þar þangað til hann fór í menntaskóla. Jón starfar nú hjá Arnastofnun og er að ljúka við gerð leiðréttingarforrits fyrir íslensku sem byggir á öðrum grunni en slík forrit hafa gert fram að þessu. Nefnist forritið „Skrambi“ en það orð hefur þann eiginleika að geta haft bæði neikvæða og jákvæða merkingu.

„Ég er alinn upp í Seljahverfinu þar sem ég man fyrst eftir mér enda fluttu foreldrar mínir þangað þegar ég var á fyrsta árinu. Þetta er árið 1984 og umhverfið að mestu orðið gróið. Ég man því ekki eftir mestu ævintýrunum í kringum byggingaframkvæmdirnar og

drullupollana sem krakkar sem eru nokkrum árum eldri fengu að upplifa. Ég gekk í Seljaskóla öll grunnskólaárin og ég man eftir einhverjum strákalátum þar. Ég veit ekki hvort ég var bara svona stilltur en ég lenti aldrei í neinum átökum eða útistöðum þar. Þetta var allt fremur opið umhverfi og mannlífið var mjög fjölbreytt í kringum skólann. Að mínu mati var Seljahverfið barnvænt hverfi og gott að alast þar upp. Margir krakkar héldu sig í litlum hópum sem mynduðust. Þannig var það í mínu tilviki að minnsta kosti. Við tefldum mikið heima. Pabbi er góður skákmaður og kenndi okkur bræðrunum að tefla. Við erum þrír og tveir okkar hafa fengist talsvert við skákina í gegnum árin. Ég held að þetta heimilissport að tefla skák hafi



Jón Friðrik Daðason höfundur leiðréttingaforritsins Skramba sem koma mun á markað innan tíðar.

VIÐ ÞORUM AÐ STANDA MEÐ ÍSLENSKUM HEIMILUM



VIGDÍS 1. SÆTI RVK SUÐUR



KARL 2. SÆTI RVK SUÐUR



SVEINBJÖRG 3. SÆTI RVK SUÐUR



JÓHANNA 4. SÆTI RVK SUÐUR

Framsókn leggur meðal annars áherslu á að:

- Stökkbreytt verðtryggð húsnæðislán verði leiðrétt.
- Verðtrygging á neytendalánum verði afnumin.
- Sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum verði tryggð.

Framsókn
fyrir **HEIMILIN**

Suðurlandsbraut 24, sími: 852 2027
www.framsokn.is netfang: regkjavik@framsokn.is

haldið okkur dálítið heima á kvöldin. Fjölskyldan átti sér eitt sameiginlegt áhugamál og það þjappaði henni að ég held dálítið saman. Ég tefldi líka fyrir Seljaskóla á mótum og gott ef ég á ekki einhverjar medaljur frá þeim tíma. Og svo kom tölvan. Pabbi vann í tölvugeiranum þannig að hún kom snemma inn á heimilið. Fyrsta tölvan sem við notuðum var af gerðinni Commodore 64 og ég var fjögurra ára þegar ég fór að nota hana. Þær voru ákaflega vinsælar um og upp úr 1990 en eru auðvitað orðnar forngripir í dag. Við net tengdumst líka fljótt og ég man að við vorum að spila og tefla á netinu við fólk alls staðar að úr heiminum. Fyrstu tengingarnar voru mjög hæggengar miðað við það sem við þekkjum í dag og trúlega myndi enginn vilja að notast við þann búnað nú en svo breyttist það smám saman. Ég man eftir fyrsta mótaldinu. Stórum hlunk og það þurfti að láta það hringja inn - svona eins og fastlínusímann. Ég var því farinn mjög snemma að grúska í tölvunni og á netinu“.

Fékk áhuga á tungumálum

„Ég held að þetta tölvugrúsk mitt og kannski skákin hafi orðið vísirinn að því sem ég er að fást við í dag. Tölvugrúskið er án efa ein af ástæðum þess að ég fékk áhuga á tungumálum. Ég eignaðist tölvuvini um allan heim sem ég hafði samskipti við á ensku, svo ekki sé minnst á alla ævintýraleikina sem ég spilaði sem króifúst

þess að maður hefði orðabók við höndina. Það er sagt að börn eigi auðveldara með að læra tungumál en fullorðnir. Ég held að ég hafi lært ensku að mestu leyti af tölvunni. Ég átti aldrei í neinum erfiðleikum með hana í skólanum. Ég tók eftir því að krakkarnir skiptust nokkuð að þessu leyti. Þau sem komu frá heimilum þar sem tölva var komin virtust eiga auðveldara með enskuna en þau sem höfðu einungis alist upp við íslenska ríkissjónvarpið. Um það leyti sem grunnskólanum lauk fluttum við úr Breiðholtinu og ég fór á eðlisfræðibraut í MR, og síðan fetaði ég í fótspor föður míns og fór í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Ég útskrifaðist úr grunnnáminu sumarið 2009 og hélt því næst áfram í meistaranám. Ég var á þeim stað í lífinu um þetta leyti að ég varð að ákveða hvort ég ætti að leita mér að vinnu eða að klára framhaldsnámið þegar ég frétti af átaki á vegum Vinnuálastofnunar fyrir háskólanema. Ég sá að Stofnun Árna Magnússonar auglýsti eftir tölvunarfræðingi í sumarvinnu til þess að leiðrétta villur í safni af 19. aldar textum sem verið er að koma upp. Þetta eru tímarit og bækur sem Landsbókasafn hefur verið að skanna inn og færa yfir á textasnið. Þetta er mikilvægt verkefni þar sem að hlutfallslega mjög lítið af íslenskum textum frá þessu tímabili er til á tölvutæku formi. Það gerir fræðimönnum oft lífið leitt því ítarlegar málrannsóknir á íslensku frá eldri tíð krefjast þess oft að þeir fletti í gegnum ógrynni

af prentuðum bókum til þess að safna þeim gögnum sem þeir þarfnast. Vandamálið við skönnunarverkefnið var þó að hugbúnaðurinn sem notast er við á það til að rugla saman líkum stöfum þegar hann býr til textaskjalið. Orðið „þar“ í upphaflega textanum verður t.d. oft að „par“ í textaskjalinu. Það þarf því að prófarka lesa textana áður en þeir eru hæfir til rannsóknna.“ Jón Friðrik segir að þótt að tölvunarfræðin hafi orðið fyrir valinu væri tungumálaáhuginn enn til staðar. „Þarna sá ég kjörið tækifæri til þess að sameina þessi tvö áhugamál. Ég ákvað því að sækja um starfið og var svo heppinn að fá það. Það má segja að úr þessu hafi frumgerðin af Skramba orðið til, en með henni tókst okkur að lagfæra vel yfir helminginn af öllum skönnunarvillunum í textunum, sem létti prófarkalesurum starfið til muna. Ég sá að það var hægt að komast mun lengra með þessa frumgerð og ákvað að gera það að meistaraverkefninu mínu að halda áfram að þróa hana. Það gerði mér mun auðveldara fyrir að Arnastofnun hefur verið mjög virk á sviði máltæknirannsóknna síðustu áratugi og býr í raun yfir öllum þeim gögnum sem leiðréttingarforrit eins og Skrambi þarfnast. Án þessa grunnar hefði verið mun örðugra að fást við þetta verkefni. Skrambi er ólíkur öðrum leiðréttingarforritum fyrir íslensku að því leyti að hann athugar í hvaða samhengi orðin koma fyrir. Orð eins og „fleirri“ og „kanski“ eru auðvitað alltaf stafsetningarvillur, en orðið „mér“ getur verið rangt stafsett eftir því hvaða sögn það stendur með. Skrambi er þjálfaður á stóru safni af prófarkalesnum texta og lærir í hvaða samhengi tiltekin orð geta komið fyrir. Þannig getur hann fundið og leiðrétt villur sem önnur forrit geta ekki. En þetta er auðvitað bara skref á lengri leið. Tölvutækninni er alltaf að fleygja fram og hugsanlega getur þessi vinna notast við gerð annarra forrita – til dæmi þýðingarforrita. Maður veit aldrei hvert krakka-grúskið leiðir mann og þarna hefur reynsla mín af Commodore 64 og netnotkun mín allt frá fjögurra ára aldri fundið sér farveg í verkefni af þessu tagi.“



Jón um níu ára aldur með bikar eftir skákmót á milli skólanna í Breiðholtinu.



Vordagar

22. - 27. apríl

Fyrirtæki og verðslanir í Mjódd bjóða upp á tilboð og afslætti dagana 22. - 27. apríl í tilefni vordaga 2013.

Fri Sigurlaug

Breiðholts
BLOM

Eymundsson

Gleraugnabúðin

XII Gull-Úrid

Gullsmiðurinn
í Mjódd

LENAUGIN
BJÖRG
MJÓDD

nettó



Simabær.is

Gambúðin Gauja

Vefta
Tískúfni Mjódd

Lyfjaval
APÓTEK



Fröken Júlía

Síðasta vetrardag þann 24. apríl verður opið til kl. 21:00

þar sem m.a. verður tiskusýning og happdrætti.

Handverksmarkaðurinn verður á sínum stað og nemendur úr Tónlistarskóla Eddu Borg munu leika á hljóðfæri.

Mjóddin



Handverkssýning og kaffi í Árskógum

Efnt verður til glæsilegrar handverkssýningar í Árskógum á sumardaginn fyrsta þann 25. apríl n.k. Boðið verður upp á góðgæti með kaffinu og Reynir Sigurðsson mun spila á píanó fyrir handverks- og kaffigesti.

Þá mun Félag harmonikkunnenda mæta á staðinn en þar er á ferðinni á bilinu 15 til 20 manna hópur sem mun leika á nikkur sínar undir stjórn Reynis. Félag harmonikkunnenda hefur haft æfingastöðu í Árskógum en Elsa Haraldsdóttir fráfarandi forstöðumaður er sjálf góður harmonikkuleikari. Af öðru sem er að gerast í Árskógum má nefna Bocciahópin sem er sjálfssprottinn hópur fólks sem stundar bocciaþróttina



Söngur á handverkssýningu í Árskógum. Myndin var tekin fyrir nokkrum árum.

af kappi. Karlakórinn KB karlar syngur á þriðjudögum og félagsvistin er alltaf vel sótt að sögn Eslu. Þetta eru sjálfssprottir hópar sem falla vel að því formi sem verið er að færa yfir félagsstarfseminna.

Listin að verða fleygur í Gerðubergi

Fuglar – listin að vera fleygur nefnist sýning sem opnuð var í Gerðubergi sl. laugardag. Sýningin mun standa frá 13. apríl til 21. júní og verður sett upp í öllum fjórum sýningarrýmum Gerðubergs. Eins og nafnið bendir til verða á sýningunni fuglar í öllum mögulegum birtingarmyndum. Fuglar eins og maðurinn sér þá; fiðraðir, tálgaðir, teiknaðir, glerjaðir, málaðir, myndaðir, mótaðir og talaðir á flug. Fuglar á ljósmynd og fuglar í lifandi mynd.

Leitað hefur verið til fjölmargra listamanna og eigenda verka sem tengjast fuglum um þátttöku í sýningunni og hafa undirtektir verið góðar. Í því ferli hefur verið sérstaklega ánægjulegt að komast að því hvað fuglar hafa skipað stóran sess í huga margra allt frá barnæsku og hvað þeir eiga fallett pláss í vitund okkar Íslendinga. Listamennirnir sem hafa fallist á að taka þátt í sýningunni eiga allir sinn fugl og sína nálgun á hann. Þeir listamenn sem eiga verk á sýningunni eru; Aðalheiður Eysteinsdóttir, Benedikt Gröndal, Birgir Andrésón, Bjarni Massi, Björn Björnsson, Björn Ingvarsson, Bragi Ásgeirsson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Brynja Davíðsdóttir, Finnþogi Pétursson, Frosti Friðriksson, Guðmundur frá Miðdal, Guðmundur Páll Ólafsson, Hafþór Ragnar Þórhallsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Helgi Þórsson, Hulda Hákon, Ilmur Stefánsdóttir, Ísleifur Jónsson, Jarþrúður Karlsdóttir, Jón Baldur Hlíðberg, Jón Karlsson, Jón Óskar, Kristín Þóra Guðbjartsdóttir, Magnús Kjartansson, Magnús Pálsson, Ómar Óskarsson, Páll Steingrímsson, Pétur Magnússon, Sara Gunnarsdóttir, Sara Riel, Signý Kolbeinsdóttir, Steingrímur Eyfjörð, Svava Lovísa Kristjánsdóttir, Svava Björnsdóttir, Tumi Magnússon, Vera Sölvadóttir, Þórarinn Eldjárn, Þórdís Alda Sigurðardóttir. Á sýningunni verður sérstaklega hugað að börnum og þar verða settir fram munir tengdir fuglum svo sem vængir, lappir o.þ.h. sem upplifa má með snertingu.



Þórunn Elísabet Sveinsdóttir vinnur að uppsetningu sýningarinnar.

Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna og smíðju í gerð fuglahúsa fyrir börn og fjölskyldur þeirra á Barnamenningarhátíð í Reykjavík sunnudaginn 28. apríl. Á sýningartímabilinu verða auk þess ýmsir viðburðir í tengslum við sýninguna í Gerðubergi. Sýningarstjóri er Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.

www.breidholt.is

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



Sogavegi við Réttarholtsveg
Opnið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Flökkusýning í Mjóddinni

Flökkusýning Listasafns Reykjavíkur verður staðsett í göngugötu Mjóddarinnar Daga 24. og 26. apríl nk. og eru grunn- og leikskólabörnum í Reykjavík boðið að koma og taka þátt í verkefninu. Börnunum verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna og listsmiðju að leiðsögninni lokinni. Unnið verður með endurnýttan efnivið og kannaðir verða snertifletir myndlistar og sjálfbærni.

Ferðaflækja á flakki eins og sýningin nefnist er samvinnuverkefni Listsmiðju Hugarúnar og Ásdísar, Listasafns Reykjavíkur, Mjóddarinnar og listkennslunema LHÍ og HÍ. Verkefnið byggir á Flökkusýningu Listasafns Reykjavíkur sem er farandsýning sem hefur að geyma listaverk ásamt fræðslu og fróðleik um samtímamyndlist með áherslu á sjálfbærni. Að smíðjunni lokinni taka börnin þátt í gjörningnum. Hvíslað í Eyra Móður Jarðar sem er helgileikur til heiðurs náttúrunni. Tilgangur þessa gjörnings er að iðka ást á náttúrunni með táknaðum hætti. Framkvæmd gjörningsins felst í að fá gesti og gangandi til þess að búa til eyra Móður Jarðar með það að markmiði að geta hvíslað í eyra hennar skilaboðum



Krakkar að störfum í listasmíðjunni.

og óskum sér og öðrum til heilla. Helgileikurinn felst í að gefa sjálfum sér tíma og rými í samtali við náttúruna. Gestum og gangandi er velkomið að skoða Flökkusýninguna og fylgjast með börnunum í smíðjunni. Afrakstur listsmíðunnar verður til sýnis í Mjóddinni

helgina 27. til 28. apríl. Á föstudaginum 26. apríl kl. 15 verður gestum Mjóddarinnar boðið upp á leiðsögn um Flökkusýninguna og smíðju að leiðsögninni lokinni.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.

Tékkland	8.945
Aðalskoðun	10.320
Frumherji	9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 15. apríl 2013



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Ágústa tekur við Árskógum

Ágústa Halldóra Gísladóttir frístundaráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts mun taka við starfi forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Árskóga fyrsta júní næstkomandi en þá lætur Elsa Haraldsdóttir af störfum vegna aldurs. Elsa mun þó verða viðloðandi Árskóla áfram því hún mun stýra myndlistarnámskeiðum sem hún hefur gert jafnframt forstöðumannsstarfinu og aldrei er að vita hvort hún muni birtast með harmonikkuna og leika þátttakendum félagsstarfsemi en hún er pianó- og harmonikkuleikari og hefur leikið mikið á harmonikkuna á liðnum árum. „Ég á ábyggilega eftir að koma oft hingað,“ segir Elsa þar sem hún hefur komið sér fyrir á skrifstofu forstöðumannsins ásamt Ágústu Halldóru og tíðindamanni Breiðholtsblaðsins.

En verða einhverjar breytingar á starfinu með tilkomu Ágústu Halldóru. „Já – ég geri ráð fyrir því að við munum hrinda í framkvæmd verkefni sem búið er að vinna að alveg frá því árinu 2006 og nefnist opið og sjálfbært félagsstarf í Breiðholti. Elsa hefur unnið að þessu ásamt fleirum og þekkir því vel til málsins. Ég mun taka þráðinn upp þar sem hún hættir og við ætlum að halda þessu áfram. Eitt það fyrsta sem búið er að gera af þessu tilefni er að skátunum hefur verið boðin aðstaða í Árskógum en hluti af þessu verkefni miðar að því að tengja allskyns félagsstarf saman. Eg geri ráð fyrir að fleirum verði boðin aðstaða hér eftir því sem þetta vinnst áfram.“ Ágústa Halldóra segir að 16 félags-

miðstöðvar séu nú starfræktar í Reykjavík og fari starfsemi þeirra fram vítt og breytt um borgina. „Við hofum orðið vör við að margt fólk telur að þetta félagsstarf sé einungis ætlað eldri borgurum eða fólki sem orðið er 67 ára. Það er alrangt því félagsstarfið er opið fólki á öllum aldri og algerlega óháð kennitölu og félagsmiðstöðvarnar eru reknar samkvæmt þeirri stefnu borgarinnar að um sjálfsprottið félagsstarf sé að ræða þar sem hver og einn getur haft áhrif á þróun þess.“ En hvað merkir sjálfbærni í félagsstarfi. Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir því. „Nei – fólk hefur velt því fyrir sér en það felur einkum í sér að hugmyndir koma frá þátttakendum – frá fólkinu sjálfu sem það vinnur úr í samvinnu við félagsmiðstöðvarnar. Þetta er fyrst og fremst hugsað til þess að auka fjölbreytnina, gefa fleirum kost á að koma að félagsstarfinu og leyfa áhugamálum fólks að njóta sín.“ Ágústa Halldóra og Elsa segja að í borgarsamfélaginu vilji fólk oft fjarlægjast hvort annað. Félagslíf færst inn á hinar ýmsu stofnanir og auðveldara verði fyrir fólk að lenda í einangrun. Út frá þessum staðreyndum hafi m.a. verið unnið að verkefnum um sjálfbært félagsstarf.

Markvisst og reglulegt samráð

Á komandi hausti verður að sögn Ágústu Halldóru unnið að því að ræða við notendur og verði samtöl við fólk ofið saman við alla starfsemi félags- og frístundastarfs í Árskógum 4 og í Gerðubergi.

„Við ætlum að hafa markvisst og reglulegt samráð við íbúa hverfisins sem er í takt við lýðræðislegar kröfur í nútímasamfélagi og er lykillinn að þróun þjónustu sem mætir þörfum íbúa á viðeigandi og hagkvæman hátt. Við viljum að félagsmiðstöðvarnar séu vettvangur góðra og uppbyggilegra samskipta og skapandi athafna þannig að sérhver einstaklingur geti sem best notið sín í samfélaginu. Með því að einstaklingar og hópar virki frumkvæði sitt í frjóu og skemmtilegu umhverfi aukast möguleikar þátttakenda á að koma að skipulagi, framþróun og allri framkvæmd félagsstarfsins. Við munum leggja áherslu á að félagsstarfið er fyrir fólk á öllum aldri og húsnaði félagsmiðstöðvanna verður opið fyrir einstaklinga og hópa sem vilja nýta það fyrir fjölbreytilegt og sjálfbært félagsstarf. Þá verður komið á fót notendaráðum sem starfa munu bæði í Árskógum og í Gerðubergi og þeir sem áhuga hafa á að starfa í þeim geta komið að máli við forstöðumenn eða skilað

nafni, heimilisfangi og símanúmeri í hugmyndakassa staðanna. Í ágústmánuði munu hugmyndakassarnir standa frammi í félagsstarfinu þar sem hægt verður að koma á framfæri hugmyndum að verkefnum og uppákomum sem notendaráðin vinna síðan úr. Við vonum að sem flestir kjósi að notfæra sér félagsstarfið og leggi því lið m.a. með því að leggja fram hugmyndir eða að segja frá áhugamálum sínum.“



Ágústa Halldóra Gísladóttir og Elsa Haraldsdóttir. Á milli þeirra er málverk af konu sem Elsa málaði. Hún segir enga sérstak fyrirmynd vera að konunni aðra en myndlistaráhuga sinn.

552-2440
TAXI
Borgarbilastöðin ehf.

20% afsláttur
fyrir eldri borgara og öryrkja miðað við staðgreiðslu

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Helluhrauni 10 - Hfj.
Sími 565-4080
Verslum við litla manninn

Á réttri leið!

Ljúkum aðildarviðræðum við ESB

Sanngjörn
leiðrétting skulda

Jafnræði leigjenda
og kaupenda

Heilbrigði og
velferð í forgangi



Samfylkingin

Vilja ekki Fjölskyldu- hjálpina í Iðufell

Íbúasamtökin Betra Breiðholt, íþróttafélögin Leiknir og ÍR, Fjölbrotaskólinn í Breiðholti auk leikskóla og grunnskóla í Breiðholti hafa sent borgarstjóra bréf þar sem þess er farið á leit að Reykjavíkurborg hlutist til um að Fjölskylduhjálpi Íslands flytji ekki starfsemi sína í Iðufell 14. Í bréfinu segir að varla verði talið heppilegt fyrir skjólstaðinga Fjölskylduhjálparinnar, sem því miður hafa oftast ekkert annað val, að stíga sín þungu spor og leita sér aðstoðar inn í mitt íbúðahverfi og í næsta nágrenni við íþróttastarfsemi, sundlaug, framhaldskóla og grunnskóla.

Í bréfinu er bent á að þessi staðsetning sé ekki ásættanleg ef tekið er mið af samgöngum alls staðar að af höfuðborgarsvæðinu. Fram hafi komið hjá framkvæmdastjóra Fjölskylduhjálparinnar á fundi 21. febrúar sl. að það væri von á allt að 750 til 1000 manns í hverja úthlutun en þær fara fram eftir hádegi á hverjum miðvikudegi. Gatnakerfi hverfisins anni þessu engan veginn til viðbótar við aðra umferð m.a. vegna Fjölbrotaskólans og sundlaugarinnar en auk þess nota nemendur Fjölbrotaskólans strætisvagna mikið á þessum tíma.

Mun ala á fordómum

Í bréfinu er bent á aðra hlið á þessu máli sem eru börn og unglingar í hverfinu. Það segir: „Við sem höfum starfað með þeim í áraraðir og horft upp á þau takast á við ýmsa ljóta fordóma í samfélaginu vegna búsetu og jafnvel skóla, getum ekki hugsað til þess að þau lendi jafnvel í því að fá á sig á æfingum, eða í skólanum “ég sá mömmu þína, afa, frænda, frænku eða systur í Fjölskylduhjálpinni í gær”. Ekki opna á þennan möguleika. Þetta er mjög viðkvæmt mál fyrir allfesta, líka börn og unglunga. Það er skylda okkar sem erum fullorðin að forða þeim frá því. Ögnin sem íbúum stendur af starfsemi Fjölskylduhjálpar er að hún muni ala á og styðja við ákveðna fordóma sem a.m.k. hluti íbúa hverfisins hefur mátt búa við og Fjölbrotaskólinn hefur til að mynda glímt við vegna staðsetningar. Vel hefur tekist til við að vinna á móti og vinda ofan af fordómum. Það síðasta sem við viljum er starfsemi sem getur snúið við þessari annars jákvæðu þróun.“

Slegið á puttana á ímyndaruppbyggingu

Í bréfinu er fjallað um að unglingar í Miðbergi hafi verið með átak á dögnum til að reyna að breyta þeirri röngu ímynd sem hverfið þeirra hefur í huga fólks. Þetta sé vinna sem bæði félög, félagsmiðstöðvar og skólar koma að. Bréfritarar segja að hjálpa eigi þessum duglegu einstaklingum við að byggja upp nýja ímynd af hverfinu, það er til hagsbóta fyrir alla Reykvíkinga. Algerlega óþolandi sé og gegn stefnu borgarinnar að félagsamtök sem skilgreina sig sem góðgerðarfélag, með aðstoð fasteignafélagsins Reita ætli að standa fyrir aðgerðum og starfsemi sem slær á puttana á þessum ungu Reykvíkingum.

Ekkert gerst?

Á fundi sem var haldinn um þetta málefni 21. febrúar sl. og mættir voru fulltrúar frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholt, íþróttafélögum. Fjölskylduhjálpi Íslands, Leikskólanum Ösp, íbúar í hverfinu, fulltrúi frá Hverfisráði Breiðholts og Hverfisstjóri Breiðholts bauð framkvæmdarstjóri Fjölskylduhjálparinnar að fresta framkvæmdum við húsnæðið í viku til tíu daga á meðan leitað væri annarra lausna og kvaðst vera tilbúin til að fara með starfseminna annað, ef húsnæði væri í boði á viðráðanlegu verði. Á þeim fundi var bent á annað húsnæði á heppilegri stað sem gæti hentað Fjölskylduhjálpinni og hægt væri að ganga til samninga um. Samkvæmt upplýsingum frá Íbúasamtökunum Betra Breiðholti virðist þó sem ekkert hafi gerst í því máli frá því í febrúar og fátt bendi til annars en Fjölskylduhjálpin flytji starfsemi sína í Iðufell 14.

Umhverfis- og útivistarmál vinsælust

Breiðhyllingar kusu 14 verkefni til framkvæmda í íbúakosningu á dögnum en kostnaður við þær framkvæmdir á þeim verður 44,5 milljónir króna. Fjöldi atkvæða í Breiðholti var 817 og kjörsókn um 5%. Skipting á milli kynja var nokkuð jöfn en þar kusu 5,3% kvenna á móti 4,6% karla.

Meðal verkefna í Breiðholti á þessu ári verða lagfæring göngustíga í Efra Breiðholti sem kosta mun um 10 milljónir. Setja á bekki og ruslastampa á ýmsa staði í Seljahverfi sem kosta á um 4 milljónir. Lagfæra á lóð skólalóð Breiðholtsskóla upp á um 5 milljónir. Bæta skíðaaðstöðu í Seljahverfi með nestisbekkjum og fleiru upp á 5 milljónir og bæta aðgengi að tjarnarsvæði í miðju Seljahverfi sem kostar um 4 milljónir.

Kjörsókn í borginni var alls 6,3%. Hæst var hún á Kjalarnesi þar sem 12,4% íbúa tóku þátt, næst hæst í Hlíðum þar sem 8,5% íbúa kusu en kjörsókn í Grafarholti og Úlfarsárdal og Vesturbæ mældist 8,0%. Lægst var kjörsókn í Breiðholti þar sem hún var 5,0%. Athygli vekur að fleiri konur kjósa en karlar. Á það við um öll hverfin



Bætt aðgengi að tjörninni í Seljahverfi var eitt þeirra verkefna sem Breiðhyllingar kusu. Þessi mynd sýndir ungan mann kanna botn tjarnarinnar á góðviðrisdegi.

í borginni en á Kjalarnesi kjósa 15,6% kvenna á móti 9,5% karla og í Hlíðum er hlutfallið 10,1% á móti 6,8%. Íbúar kusu alls 111 verkefni til framkvæmda, þar af mörg meðalstór, en hugmyndir að öllum verkefnum koma frá

íbúum í hverfum borgarinnar. Allar hugmyndirnar fegra og bæta borgina á einhvern hátt. Kosningar eru bindandi fyrir Reykjavíkurborg sem mun framkvæma verkefni á þessu ári.

Starri Snær og Ármann hlutu verðlaun

Tveir af nemendum Breiðholtsskóla hlutu verðlaunasæti í 9. bekk í stærðfræðikeppni en það eru þeir Starri Snær Valdimarsson sem varð í fyrsta sæti og Ármann Pétursson í öðru sæti.

Það var Menntaskólinn í Reykjavík sem stóð fyrir grunnskóla-keppni í stærðfræði þann 13. mars sl. Tilgangur keppinnar er m.a. að efla áhuga nemenda á stærðfræði. Öllum nemendum unglingsdeildar stóð til boða að taka þátt. Keppnin er árgangaskipt, allir keppendur fengu viðurkenningar-skjal, tíu efstu í hverjum árgangi fá bókaverðlaun og þrjú efstu fá peningaverðlaun að auki.



Starri Snær og Ármann með viðurkenningar sínar.

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Vilt þú læra meira um bílinn þinn?
Námskeið í bíltækni getur hjálpað.
- Vilt þú komast á skyndihjálpar námskeið fyrir bifreiðarstjóra?
- Vilt þú bæta þekkingu þína í umferðafræði?
- Ökuskólinn í Mjódd bíður upp á fjölda gagnlegra námskeiða um umferðamál.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.

Lokahátíð stóru upplestrarkeppninnar

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Breiðholti 2013 fór fram í Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 20. mars. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn stendur árlega fyrir upplestrarkeppni allra grunnskóla í landinu. Barnakórinn "Litrófið" söng undir stjórn Ragnhildar Ásgeirsdóttur djákna auk þess komu fram ungir hljóðfæraleikarar sem stunda nám í Breiðholti. Árni Daníel Árnason lék á trompet, Þórhildur Katrín Baldursdóttir lék á pianó og Sólveig Aðalbjört Guðmundsdóttir lék á selló.

Nemendur í sjöunda bekk, úr grunnskólum hverfisins, lásu brot úr skáldverki og ljóð.

Þeir sem tóku þátt í upplestra-keppninni að þessu sinni voru: Davíð Edward Anderson, Breiðholtsskóla, Helena Sól Alexandersdóttir, Seljaskóla sem varð í þriðja sæti, Katla Björk Gunnarsdóttir, Ölduselsskóla sem varð í öðru sæti, Díaná Ýr Reynisdóttir, Fellaskóla, Telma Rós Jónsdóttir, Hólabrekkuskóla, Sólveig A. Guðmundsdóttir, Breiðholtsskóla, Svava Sól Matthíasdóttir, Seljaskóli sem varð í fyrsta sæti. Xenia Katrín Gonzales Munos, Ölduselsskóla, Mary Jane Rafael, Fella-skóla og Sævar Atli Magnússon, Hólabrekkuskóli.



Svana Sól, Katla Björk og Helena Sól voru í fyrstu þremur sætum.



Tónlistaratriði eru jafnan flutt á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar. Hér leikur Þórhildur Katrín Baldursdóttir á pianó.



Hólmfríður Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla, Anna Þorkelsdóttir, kennari við skólann, Vignir Diego aðstoðarskólastjóri, Sverrir Jónsson og Magnús Sigurðsson fá Nýherja ásamt nemendum.

Hólabrekkuskóli fær spjaldtölvur

Nemendur í níunda bekk Hólabrekkuskóla fá spjaldtölvur frá Nýherja í tengslum við samvinnuverkefni á vegum Hólabrekkuskóla, Upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar, Skóla- og fristundasviðs og Nýherja.

Hólabrekkuskóli hefur unnið að þróun kennsluefnis fyrir verkefnið í rúmlega ár. Nú hyggst skólinn prófa þrjár gerðir af Samsung spjaldtölvum. Um er að ræða 75 spjaldtölvur fyrir nemendur í níunda bekk og kennara þeirra sem verða prófaðar til að leggja mat við val á búnaði til framtíðar. „Við óskum Hólabrekkuskóla til

hamingju með áfangann. Ljóst er að skólar munu á komandi árum reiða sig meira á spjaldtölvur í kennslu enda hefur komið í ljós að slíkur búnaður er til þess fallinn að yta undir áhuga nemenda á ýmsum viðfangsefnum, auka gæði náms, létta byrðar nemenda vegna námsbóka og draga úr ýmis konar prentkostnaði til lengri tíma. Nýherji býr yfir háu þekkingarstigi á kröfum notenda á þessu sviði og þeim tæknilausnum sem til eru fyrir skólaumhverfið. Við hlökkum því til að þróa verkefnið áfram með skólanum,” segir Emil Einarsson framkvæmdastjóri Vörusviðs Nýherja.

www.breidholt.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

VIÐ ERUM NÁLÆGT ÞÉR!

í Breiðholti

bílaverkstæði
VELALAND

Max1 býður fyrsta flokks HRAÐÞJÓNUSTU sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bifreiðaeiganda.

Max1 dregur nafn sitt af því að við ljúkum hverjum viðgerðarþætti innan klukkustundar frá því viðgerð hefst.

Við erum í **Jafnaseli 6,** við hliðina á Krónunni og Sorpu

Vélaland annast bíla- og vélaviðgerðir, almennar og sérhæfðar. Gæði okkar skipta þig máli. Fagleg vinna og traust þjónusta.

Starfsfólk okkar býr yfir mikilli reynslu og tryggir vönduð og góð vinnubrögð í hvert sinn.

Þetta gerum við á Max1!



Hjólbarðþjónusta
Láttu okkur skipta um dekkinn fyrir þig. Við bjóðum þér gæða hjólbarða á hagstæðu verði frá Nokian og Pirelli.



Demparþjónusta
Eru dempararnir lélegir eða gormarnir brotnir? Endurnýjum dempara og gorma í flestum bílum.



Bremsuþjónusta
Eru bremsuklossarnir búnir? Gættu að örygginu. Endurnýjum bremsuklossa og bremsudiska í flestum bifreiðum.



Rafgeymaþjónusta
Er rafgeymirinn lélegur? Frí ástandsmæling. Endurnýjum rafgeyma í flestum tegundum bifreiða.



Smurþjónusta
Er komið að smurningu? Við skiptum um olíur og síur og förum yfir bílinn í leiðinni.



Önnur þjónusta
Við skiptum líka um þurrkublóð, perur og setjum rúðuvökva á bílinn.



Almennar bílaviðgerðir

Undirvagnsviðgerðir: hjóla-, fjöðrunar-, stýris- og hemlabúnaður

Rafkerfi: tölvulestur og greining, rafkerfi og ljósabúnaður

Drifrásarviðgerðir: kúpling, gírkassi, driföxlur og drif

Þjónustuskóðanir skv. staðli framleiðenda



Rúðuskipti og rúðuviðgerðir

Skiptum um allar rúður í bifreiðum

Gerum við framrúður

Samningar við tryggingarfélag



Vélaviðgerðir

Almennar vélaviðgerðir

Hedd viðgerðir

Tímareima- og tímakedjuskipti

Túrbinuviðgerðir

Sóthreinsun á brunahólfum

Hreinsun á eldsneytisspissum



Renndu við hjá Max1 - ávallt heitt á könnunni

max1.is
max1@max1.is

Allar stöðvar opnar virka daga milli kl. 8:00-17:00
Laugardagsopnun: Sjá nánar á max1.is
Neyðarþjónusta: Sjá nánar á max1.is

velaland.is
velaland@velaland.is

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Tryggvi Haraldsson er Felladrengrur. Ólst upp í Fellunum og gekk í Fellaskóla á níunda áratugnum og síðar í FB. Hann fór til Danmerkur þar sem hann spilaði handbolta á Suður Jótlandi en gerðist um tíma dönskukennari þegar hann kom til baka. Í dag starfar Tryggvi sem verkefnisstjóri Atvinnutorgs en það er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Vinnuálastofnunar við að finna störf og starfstengd úrræði fyrir ungt fólk sem stendur utan vinnumarkaðar og er í sumum tilfellum farið að þiggja fjárhagsaðstoð hjá borginni. „Þetta er í fyrsta sinn sem ríki og borg vinna saman með þessum hætti auk þess að um einstaklingsmiðaðar aðgerðir er að ræða en ekki heildarlausn þar sem eitt á yfir alla að ganga,“ segir Tryggvi þegar hann er sestur með tíðindamanni í bakaríinu í Mjóddinni á dögnum.

Slysið á ÍR vellinum var misskilningur

Ég er úr Breiðholtinu. Er innfæddur þar og alinn upp í Fellahverfinu. Fyrst í Asparfellinu en síðar í Yrsufelli. Þegar ég var að alast upp á árunum frá 1985 til 2000 var talsvert öðru vísi umhorfs í Fellunum en í dag. Það hefur í raun orðið alveg gríðarleg breyting. Á þessum tíma var íbúasamsetningin allt önnur en nú er. Margar barnafjölskyldur bjuggu í Fellunum. Margir krakkar voru á svæðinu og rosalegt líf í kjörmunum sem hver blokkarsamstæða myndaði. Fyrir mér er nostalgían í hverju fót máli hvort sem maður er framan við blokkirnar eða fer inn á milli þeirra.

Ég tilheyrði stóru leiksvæði sem er í kringum Aspar- og Æsufellið og þar var fyrsta hafnarboltafélagið stofnað sem hét Kyllan. Ég man að það voru alltaf einhverjir á fótoltavellinum frá því snemma á vorin og langt fram á haust og stundum líka á veturna þegar víðraði til þess að sparka. Svo var líka fótoltavöllur við Völvufell sem var kallaður Wembley og þar upplifði maður sig alltaf sem alvöru mann í boltanum því völlumurinn var svo stór og líka með alvöru mörkum. Þegar ég var sex ára og kom í Fellaskóla var þónkið að byrja og þeir sem voru komnir í níunda og tíunda bekk voru gríðarleg ógn í hugum okkar sem vorum að byrja í skólanum. Sumir eldri strákanna voru dálítið ógnandi að okkur fannst. Þeir voru svona að reyna að vera með ógnandi áhrif en voru ekkert hættulegir. Þeir settu þó talsverðan svip á skólalífið.

Brunaútsala, gjaldmiðinn og skammvinnu skólabball

Því miður er ekki sama lífið á þessum stöðum. Íbúasamsetningin hefur breyst og mun færri krakkar á svæðinu. Fjórið sem ég man eftir er ekki lengur fyrir



Sjötti flokkur ÍR í handbolta árið 1991.

hendi. Þegar ég kom heim frá Danmörku fór ég að kenna dönsku við Fellaskóla og þá sá ég þessa breytingu svo greinilega. Í mörgum bekkjanna var bara ein bekkjardeild sem ekki hefði dugað þegar ég var í skólanum og svo mikil fækkun barna hefur ekki bara áhrif á skólalífið heldur líka á umhverfið. Það verður ekki eins lífligt. Við vorum býsna þéttur hópur þarna í Fellunum mörg okkar halda tengslum enn þann dag í dag. Margt var brallað og við stofnuðum til dæmis okkar eigin gjaldmiðil. Mig minnir að það hafi verið Sigmundur Friðgeir sem stóð fyrir því hagfræðilega framtaki og við kölluðum hann Foccacia-tilboð upp á ítölsku. Það vara allt mælt í tilboðum og það var mikið líf í kringum verslanirnar fyrir stráka eins og okkur því þá var fullt af búðum



Gulu BMX reiðhjólin voru vinnuþæki stráka á níunda áratugnum. Hér er Tryggvi með eitt slíkt fyrir ofan Bakkabyggðina Breiðholti sumarið 1988.

þarna. Ég man vel þegar sjoppa brann. Þetta var dálítið sérstakt. Svólítið merkilegt fyrir krakka að sjá eldinn leika um í búðinni. Og svo var haldin brunauútsala. Mamma fór á útsöluna og keypti meðal annars þrjónagarn sem hafi farið illa út úr brunanum en var þó talið nothæft. Svo fór hún að þrjóna bæði vettlinga og sokka og maður angaði af brunalykt næstu vikurnar og mánuðina því lyktin fór ekkert úr garninu þótt það væri orðið að fatnaði. Annað sem ég man eftir úr Fellaskóla var að kakkar úr níunda og tíunda bekk söfnuðust oft saman á laugardagskvöldum. Ein áramótin fór þetta aðeins úr böndunum. Einhverjir strákar voru með lykila að skólanum undir því yfirsíni að þeir væru plötusnúðar. Þeir ákváðu að opna skólann. Þeir fóru svo

í gryfjuna með krakkaskarann á eftir og kveiktu á græjunum. Þeir voru ekkert að spara hljóðstyrkinn og tónlistin heyrðist um hverfið. Þetta gekk í um 20 mínútur þar til einhverjum í nágrenninu fannst nóg um og hringdu í lögregluna sem kom æðandi og smalaði því af liðinu út sem ekki hafði þá þegar fengið veður af þessari yfirvofandi heimsókn og forðað sér á hlaupum út í Fellin. Þetta var praktaragangur en ég man ekki eftir því að neinn hafi verið með vín eða neitt þannig. En þetta var skammvinnu skólabball.

Kynntist Bökkunum og Seljunum í gegnum handboltann

Staða mín í Fellahverfinu var þó að einu leyti önnur en

flestra krakkanna því ég tengdist Bökkunum og Seljunum í gegnum handboltann hjá ÍR. Þar kynntist ég öðrum krökkum en á þessum tíma var ekki mikill samgangur á milli hverfanna. Flestir héldu sig heima í sínu hverfi hvort sem þau hétu Bakkar, Fell eða Sel. En það komu krakkar úr þeim öllum saman til að spila handbolta hjá ÍR. Svo fór ég í FB ásamt megininu af krökkunum úr Fellaskóla sem héldu áfram eftir grunnskólann. Þá kynntist maður enn fleira fólki. Vegna þess hversu mikið ég var í handboltanum á þessum árum tók ég minni þátt í félagslífinu í FB. Handboltinn tók svo mikinn tíma. Þetta var mjög massivur hópur í handboltanum og mikil stemning í kringum hann ekki síst þegar ÍR-ingar urðu bikarmeistarar 2005. Svo þróaðist áhugi á stjórnárum meðfram handboltanum. Bjarni Fritzson félagi minn úr handboltanum er mikill áhugamaður um samfélagsmál og var einhverju sinni kominn með þá hugmynd að stofna stjórnárumafokk og bjóða fram í borginni. Við sjáum hvað setur í þeim efnum.

Slysið á ÍR-vellinum var misskilningur

Ég var líka aðeins í fótoltanum. Æfði með Leikni og var einn af efnilegustu markvörðum félagsins þangað til að ég lenti í slysi á ÍR malarvellinum. Við vorum að spila leik á móti ÍR og ég var í markinu fyrir Leikni. Leiknum lauk með 17:1 fyrir ÍR. Ég fékk 17 mörk á mig og tókst þannig að slá út frægan landsleik við Dani sem lauk með 14:2 fyrir þá og enn er í minnum hafður. Ég vil koma því á framfæri að þetta slys á ÍR vellinum var einn stór misskilningur og gefur enga mynd af stöðu minni sem markmaður í Leiknisliðinu. Þessi steinhrúga ÍR vellinum var ekki bjóðandi jafn efnilegum markverði og mér á þeim tíma. Þetta hefði getað endað mjög illa ef ég hefði skutlað mér á þessa bolta. Ég prufaði líka að æfa sund með Ægi sem lauk með skelfingu. Ég týndi sundgleraugunum í miðri keppni. Sá ekkert og villtist eitt-hvað af leið. Pabbi dró mig upp úr lauginni og fór með mig út í bíl. Eftir þetta ákvað ég að fótolti og sund ættu ekki alveg við mig og hélt mig bara við handboltann eftir það. Ég er að horfa á Breiðholtið í ljósi nostalgíunnar. Ég held að þótt margt hafi breyst og ekki sé sama lífið í Fellunum og fyrr þá eigi Breiðholtið sér bjarta framtíð. Þetta er fjölmennasta og fallegasta byggðarlagið í Reykjavík og líklega það fjölbreyttasta að innri gerð og menningu. Þetta eiga hverfisbúar að nýta sér vegna þess að framtíð Breiðholtsins er undir íbúunum sjálfum komin.



Tryggvi Haraldsson. Laxá í Kjós í baksýn.

Vonin um auðveldari mánaðarmót

Haldi ný ríkisstjórn rétt á málum getur almenningur gert sér vonir um að kaupmáttur aukist á komandi árum og lífskjör fólks batni verulega. Það er því miður staðreynd að helmingur heimila í landinu nær ekki endum saman um hver mánaðarmót og því verður að breyta. Það þarf að auka ráðstöfunartekjur heimilanna með því að lækka skatta, gjöld og tolla þannig að endar nái saman. Lækkun höfuðstóls húsnæðislána og léttari afborganir eru einnig mjög mikilvægar aðgerðir sem þarf að hrinda í framkvæmd strax. Samhliða því skiptir miklu máli að afnema stimpilgjald og veita tækifæri til að fara frá verðtrygðu láni yfir í óverðtryggt.

Sóknin til bættra lífskjara felur þó fyrst og fremst í sér að virkja kraftinn í atvinnulífuna þar sem

einstaklingum og fyrirtækjum er gefið færi á að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem blasa við hér á landi. Í stað þess að standa frammi fyrir erfiðleikum með nagandi óvissu um hver mánaðarmót, eiga þúsundir Íslendinga að geta notið þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Verkefni komandi mánaða og ára er að auka lífsgæði okkar allra – gera það eftirsóknarvert að búa í þessu góða landi.

En til þess að svo verði er nauðsynlegt að halda rétt á málunum. Kjósendur hafa tækifæri til tryggja betri framtíð í kosningunum 27. apríl næstkomandi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn flokka lagt fram skýra stefnu um hvernig fjárhagslegt öryggi fjölskyldna verður tryggt og hvernig hjól atvinnulífsins geta farið aftur á fulla ferð. Með þessu verður grunnur vel-

ferðarkerfisins styrktur og við getum aftur sameiginlega staðið stolt undir öflugum heilbrigðiskerfi, þróttmiklu menntakerfi og tryggt eldri borgurum og öryrkjum mannsæmni kjör. Kosningarnar í lok þessa mánaða eru því kosningar um framtíðina – um lífskjörin. Þetta eru kosningar þar við við getum látið vonirnar rætast.

Eftir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.



Hanna Birna Kristjánsdóttir.

Er ábyrgt að lækka skatta?

Hvernig á að fjármagna skattalækkanir sem Sjálfstæðisflokkurinn boðar og hvernig á að fjármagna aukin útgjöld til heilbrigðismála ef þið ætlið að lækka skatta? Þessar eðlilegu og sanngjörnu spurningarnar fæ ég í samtölum mínum við kjósendur.

Svarið er eitt og hið sama við báðum spurningum: Ofsköttun vinstri stjórnarinnar rýrir tekjur ríkisins. Lækkun skatta mun auka skatttekjur ríkissjóðs. Í þessum efnum er sagan besti vitnisburðurinn.

Allt þetta kjörtímabil hafa skattar verið hækkaðir og skattkerfið gert flóknara. Röng efnahagsstefna hefur leitt til þess að vöxtur efnahagslífsins hefur ekki orðið sá sem sérfræðingar töldu að væri raunhæft. Vegna þessa hafa ríki og sveitarfélög orðið af 95 milljarða króna tekjum frá 2011.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi í nóvember 2008 að möguleikar Íslands til vaxtar væru miklir. Talið var raunhæft að vöxtur efnahagslífsins yrði 4,5% árin 2011 og 2012 og 4,2% á þessu ári. Reyndin er önnur. Á liðnu ári varð aðeins 1,6% vöxtur og á þessu ári er líklegt að hann verði litlu meiri. Vegna þessa er íslenska efnahagskerfið 115 milljörðum minna en það væri ef áætlanir hefðu gengið eftir.

Skattalækkanir björguðu finnska velferðakerfinu

Eko Aho fyrrum forsætisráðherra Finnlands fullyrðir að skattalækkanir hafi bjargað finnska velferðakerfinu.

Aho sagði að það hafi verið mjög erfitt að koma breytingum á skattkerfinu sem lækkuðu skatta og einfölduðu kerfið í gegnum þingið, því þingmenn hafi haft af því áhyggjur að skatttekjur ríkisins myndu minnka í kjölfarið. Reynslan hafi hins vegar verið allt önnur og innan tíðar hafi skatttekjur ríkisins af fyrirtækjum tæplega þrefaldast.

Guðlaugur Þór Þórðarson.



Við Íslendingar höfum sömu reynslu því á árunum 1991 til 2004 hækkuðu skatttekjur ríkisins um 60% að raungildi. Sjálfstæðisflokkurinn lækkaði skatta á þessum tíma og jók með því tekjur ríkisins. Fyrirtækin fengu auknið súrefni og ráðstöfunartekjur heimilanna hækkuðu. Lífskjörin bötundu ár frá ári.

Þetta ættu kjósendur að hafa í huga. Og það er aðeins einn flokkur sem að lofar skattalækkunum.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Af hverju er nauðsynlegt að lækka skatta

Sjálfstæðisflokkurinn, einn flokka, hefur lagt megináherslu á skattalækkun í kosningabaráttunni. Ástæðan er sú að þegar efnahagskerfið dregst saman er nauðsynlegt að auka tekjur og örva hagsvöxt. Forsenda þess að svo verði er að lækka skatta. Gjarnan er spurt hvernig Sjálfstæðisflokkurinn ætli að mæta samsvarandi tekjutapi ríkissjóðs. Svarið er einfalt. Þegar skattar og gjöld eru lækkaðir á einstaklinga og fyrirtæki hvetur það aukinna fjárfestinga og verðmætasköpunar. Af því leiðir auknar tekjur fyrir ríkissjóð. Þetta er engin töfraformúla og hefur bæði verið gert hér á landi áður og í öðrum löndum sem þurfa að rífa sig upp úr kreppu á skömmum tíma.

Einnig heyrst gagnrýni á tillögur sjálfstæðismanna að skattalækkanir nýtist einkum þeim tekjuhærri. Það er rangt. Núverandi ríkisstjórn bætti við um 200 nýjum sköttum og hækkaði aðra. Hækkun virðisaukaskatts og annarra skatta á vöru og þjónustu bitnuðu mest á tekjulágum eðli málsins samkvæmt. Eignaskattur kom verst við aldraða sem áttu eina eign en höfðu litlar tekjur. Sama á við auðlegðarskattinn að hluta. Almenn tekjuskattslækkun kemur hlutfallslega jafn mikið til góða fyrir alla. Hátt tryggingagjald á fyrirtæki kemur í veg fyrir minnkun atvinnuleysis. Háir skattar og flókið skattkerfi leiðir einnig til aukinna skattsvika og mikilla útgjalda fyrir ríkissjóð

við framkvæmd og eftirlit. Tekjuaukinn verður því minni en til stóð en skattbyrðin verður mjög þung fyrir þá sem alltaf greiða sína skatta og gjöld. Allt leiðir þetta til doða og dregur úr kjarki og þor einstaklinga til að skapa verðmæti. Það verður samfélaginu dýrt til lengri tíma lítið.

Brynjar Nielsson.



Brynjar Nielsson.

Breiðholtsblaðið

www.borgarblod.is

Gleðilegt sumar með Garðatunnunni!

Helstu kostir Garðatunnunnar:

- Ódýr leið til að losna við garðaúrganginn.
- Losuð á tveggja vikna fresti yfir sumartímann.
- Garðatunnan er á hjólum og getur því fylgt þér um allan garðinn.
- Það er ótrúlega þægilegt að hafa svona tunnu alltaf við hendina.
- Þú losnar við að aka með garðaúrganginn á næstu endurvinnslustöð.
- Garðaúrgangurinn fer til moltugerðar hjá Gámapjónustunni hf.

Vantar þig kraftmikinn jarðvegsbæti?

Þá er tilvalið að koma í Berghellu 1 í Hafnarfirði með fötu, poka eða litla kerru og sækja sér moltu eða viðarkurl í garðinn án endurgjalds. Moltuna og kurlað má fá sent heim í stórsekkjum gegn vægu gjaldi. Sjá „gamar.is/moltaogkurl“

Seljum og sendum moltu og kurl til fagaðila og annarra stórnótenda eftir sérstöku samkomulagi.

Allar upplýsingar í síma 535 2510 og á „gardatunnan.is“

GÁMAPJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Gardatunnan.is

Söludeild Hringhellu 6 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2510 • gamar@gamar.is • www.gamar.is

Rjúfum umsátur um heimilin

Skuldamála heimilanna eru áfram forgangsmál hjá Framsóknarflokknum. Eftir að dómstólar dæmdu gengistryggðu lánin ólögleg situr stór hópur fólks eftir sem ekki hefur fengið forsendubrestinn sem varð á haustdögum bættan. Stór hópur fólks situr uppi með stökkbreytt verðtryggð lán og er forsendubresturinn algjör. Þessu viljum við framsóknarmenn breyta. Ekki var farið að tillögum okkar 2009 sem fólst í flatrí 20% niðurfellingu skulda sem flestir viðurkenna nú að hafi verið rétta leiðin.

Hæstiréttur dæmdi gegnistryggðu lánin ólögleg. Fengu landsmenn mikla réttarbætur og niðurfellingu skulda með þessum dómi. Fjármálastofnanir hafa verið tregar að fara að úrskurðum dómstóla sem er alveg óskiljanlegt, en sýnir kannski þá linkind sem stjórnvöld sýna á þessu kjörtímabili. Það er kannski ekki nema von að fjármálastofnanir lúti ekki æðsta dómstól landsins þegar einstakir ráðherrar hafa sjálfir hlotið dóma vegna embættisfærslana sinna. Engum dettur í hug að segja af sér og áfram er haldið eins og ekkert hafi í skorist. En nú skal horft til framtíðar og við framsóknarmenn viljum afnema verðtryggingu neytendalána. Neytendalán eru lán til einstaklinga sem notuð eru til íbúðarkaupna, bílakaupa og almenn neyslulán. Við verðum að rjúfa þann víthring sem verðtryggingin er í íslensku hagkerfi. Við höfum kjark og þor til að stíga þetta skref. Við höfum fundið leið til þess að leiðrétta forsendubrestinn sem varð hér á haustdögum 2008. Við ætlum að sækja þessar réttarbætur til þrotabúa gömlu bankanna sem vogunarsjóðir eiga í dag. Vogunarsjóð-

irnir hafa þegar farið fram á nauðsamtninga við íslenska ríkið og því er tækifærið runnið upp. Andstæðingar okkar finna þeirri leið allt til foráttu og rétt er að staldra við þá spurninguna, hvers vegna hinir flokkarnir styðji okkur ekki í þessu mikla réttindamáli til handa íslenskum heimilum. Skuldabirgði heimilanna hamla hagvexti - þess vegna verður að rjúfa þennan víthring og leysa heimilin úr þessum skuldafjötrum. Það er engum til hagsbóta að hafa þetta bankaumsátur um heimilin. Við verðum að geta um frjálst höfuð storkið án þess að hafa þrúgandi áhyggjur um hver mánaðarmót hvort launin dugi fyrir afborgunum af íbúðarlánunum. Heimilin eru hornsteinninn og við setjum þau í fyrsta sæti. Við hvetjum þig til að leggja okkur lið í þessari mikilvægu baráttu fyrir heimilin og kjósa Framsóknarflokkinn þann 27. apríl - þannig leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar fyrir bættum hag heimilanna.

Vigdís Hauksdóttir alþingismaður framsóknarflokks Reykjavíkur og Karl Garðarsson fyrrv. fréttastjóri.



Vigdís Hauksdóttir.



Karl Garðarsson.

Ísland á ekki að vera eyland

Helgi Hjörvar, alþingismaður, og Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi, skipa 2. og 3. sæti framboðslista Samfylkingarinnar í Reykjavíkurlkjördæmi suður. Bæði búa að mikilli reynslu af stjórnmálastörfum í þágu Reykvíkinga. Hvaða málum vilja þau helst koma á framfæri.

Helgi nefnir efnahagsmálin „Við höfum náð miklum árangri í efnahagsmálum eftir hrun. Þær skuldir sem ríkið tók á sig til að endurreisa Seðlabankann og bankakerfið þýddi að halli ríkissjóðs var 216 milljarðar króna árið 2008. Ríkið þarf að borga 90 milljarða króna á ári í vexti af þessum kostnaði við hrunið. Við höfum minnkað þennan halla niður í 3,7 milljarða á þessu ári. Verðbólgan er komin niður í 3,9%, og hagvöxtur er með því sem best gerist í okkar heims hluta. Skuldavandi heimilanna hefur sett mikinn svip á stjórnmálin og ekki að ástæðulausu. Þar hefur mikið verið unnið og skuldir heimilanna eru nú svipaðar og þær voru um mitt ár 2007 en við þurfum að halda áfram að vinna í þeim málum á næstu misserum.“

Jafnræði leigjenda og eigenda

Björk nefnir þá vinnu sem hefur verið unnin til að byggja upp leigumarkað. „Um 25% af öllu húsnæði er leiguhúsnæði en umræðan snýst meira og minna öll um þá sem eiga - eða skulda - sitt húsnæði. Við höfum náð miklum árangri í málefnum leigjenda og munum setja þau mál á oddinn áfram á næstu árum. Við höfum bætt í húsaleigubætur á þessu ári, ríkisstjórn Jafnaðar-

manna, og bæturnar munu hækka tvisvar fyrir árslok. Við höfum líka lokið við að móta markvissa stefnu um það hvernig við tökum upp eitt kerfi húsnæðisbóta fyrir eigendur og leigjendur. Liður í því verður m.a. að fjölga leiguíbúðum í borginni um tvö þúsund og mest miðsvæðis.“

Ljúkum aðildarviðræðum

Helgi segir nauðsynlegt að koma á stöðugleika til frambúðar og hefja nýja sókn. „Handa þarf áfram þeim aga á hagstjórninni sem núverandi ríkisstjórn hefur sýnt. Við þurfum að búa til umhverfi þar sem fólk þarf ekki að leggast í áhættufjárfestingar til þess að eignast heimili. Þess vegna þurfum við að losa okkur við krónuna og með henni verðtrygginguna, háu vextina og verðbólguna. Verðtrygginguna þarf að afnema en hún er fylgiskur krónunnar og verðbólgunnar sem fylgir krónunni. Leiðin til að afnema verðtryggingu er að taka upp annan, stöðugan gjaldmiðil. Þess vegna leggjum við áherslu á að ljúka aðildarviðræðum við ESB og bera aðildarsamning undir þjóðina sem fyrst. Það er þjóðin sem tekur ákvörðun um aðild að ESB. Kannanir sýna að 60% þjóðarinnar er sammála okkur um að það eigi að klára viðræðurnar og leggja fram samning þannig að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun. Það er engin verðtrygging á evrusvæðinu. Húsnæðisvextir í evrulöndunum eru tvöfalt eða þrefalt lægri en á Íslandi.“ Helgi segir að fyrst þurfi að ljúka við að vinna úr skuldavandanum sem hrunið olli. „Skuldir heimilanna nú komnar niður í



Helgi Hjörvar og Björk Vilhelmsdóttir fyrir framan menningarsetur Breiðhýltinga, Gerðuberg.

það sem þær voru um mitt ár 2007. En við þurfum að koma betur en gert hefur verið til móts við þá sem keyptu sínar eignir síðustu árin fyrir hrun og sitja enn uppi með óleiðrétta, stökkbreyttar skuldir.“

Velferð og fjölbreytileiki

Björk bendir á mjög sterka sýn á framtíð íslensks samfélags í anda jafnaðarstefnunnar og í sama anda og nágrannaþjóðir okkar hafa byggt upp sín samfélög og sitt velferðarkerfi. „Við viljum ekki að Ísland verði eyland í samfélagi þjóðanna. Við þurfum að losa við höftin og verða hluti af alþjóðlegu umhverfi þar sem fólk og fyrirtæki býr við sömu tækifæri og sama umhverfi og aðrar íbúar þeirra þjóða sem við viljum helst bera okkur saman við. Við Breiðholtsbúar eigum að líta á hverfið okkar sem dæmi um fjölbreytt samfélag þar sem alþjóðleg áhrif fá að njóta sín og bæta lit í líf okkar allra. Slíkt samfélag er í anda okkar jafnaðarmanna.“

Frá Besta til Bjartrar

Kærleiksríku Breiðhýltingar. Það krefst kjarks að kjósa sér ný vinnubrögð í stjórnmálum og ég veit að stór hluti Breiðhýltinga á hlut í því að tekist hefur að nútímavæða stjórnmálin í borginni. Stór hluti hverfisins hafði kjark til að kjósa fólk til áhrifa í borginni sem hafði algjörlega nýtt svigrúm í stjórnmálum. Það hafði svigrúm til að nálgast stjórnmál á þann veg að gera gagn hver sem málefni voru. Þau höfðu svigrúm til að gera stjórnmál skemmtileg og þannig aðgengilegri fyrir almenning. Þau höfðu enga ástæðu til að taka þátt í leiðindunum og argaprásinu við hina því þau höfðu svigrúm til að sleppa því. Þau höfðu þetta svigrúm því þau tilheyrðu ekki stjórnmálaflokkum með úrelta átakasögu á bakinu sem eitrandi áhrif hefur á alla ákvarðanatöku

í stjórnmálum í dag.

Í kosningunum 27. apríl fá Breiðhýltingar aftur tækifæri til breytinga. Stjórnarformaður Bjartrar framtíðar sagði muninn á Besta flokknum og Bjartri framtíð vera þann að Besti flokkurinn væri hugarástand meðan Björt framtíð væri stjórnmálaflokkur sem byggir á því hugarástandi. Kosningaáherslur Bjartrar framtíðar byggja m.a. á meiri fjölbreytni, minni sóun, meiri stöðugleika, minna veseni og meiri sátt. Sem uppalinn Breiðhýltingur þá fullyrði ég að fjölbreytni sé eitt vanmetnasta hugtak í öllum samfélögum. Stór mál á borð við skuldavanda heimilanna verða aldrei leyst af gömlum flokkum með ný loforð nema stjórnmálamenningin breytist og fólk fari að sýna hvort öðru og skoðunum hvors annars meiri virðingu en gert hefur verið

í stjórnmálum til þessa. Þú hefur val um að setja X við A á kjörseðlinum í vor og fylgja þar með eftir þeim vinnubrögðum sem komið hafa Breiðholtinu svo vel í borginni á síðustu misserum. Kynnið ykkur nánar kosningaáherslur Bjartrar framtíðar á www.bjortframtid.is



Tryggvi Haraldsson.

Tryggvi Haraldsson. Breiðhýltingur og frambjóðandi Bjartrar framtíðar í 5. sæti í Reykjavíkurlkjördæmi suður.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars.

20% afsláttur af DKNY og Fossil dömuúrum á vordögum.

GULLSMIÐURINN Í MJÓDD



Eitt kort 35 vötn 6.900 kr



www.veidikortid.is

Elliðavatn komið á kortið!



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd. Einn í sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Öflugt skákfólk í Ölduselsskóla

Ölduselsskóli hefur vakið athygli fyrir frábæran árangur á Reykjavíkur- og Íslandsmótum grunnskólasveita í skák að undanfögnu. Reykjavíkurmót grunnskólasveita sem fram fór mánudaginn 11. febrúar markaði tímamót fyrir skáklið Ölduselsskóla, sem í fyrsta skipti sendi tvær sveitir til keppni. Liðið er mjög ungt og að mestu skipað keppendum frá fyrsta upp í fjórða bekk, og stóðu allir keppendur sig með stakri þryði.

Keppnin var æsispennandi, en unglingsveit Rimaskóla hafði nokkra yfirburði og sigraði. A-sveit Ölduselsskóla náði þeim glæsilega árangri að hafna í öðru sæti með 19,5 vinninga, og skák-aði þar með sterkum skáksveitum Laugalækjarskóla og Rimaskóla B sem komu þeim fast á hæla. Ung og bráðefnileg B-sveit skólans náði jafnframt glæsilegum árangri og hafnaði í 17. sæti af 28 með 13,5 vinninga. Ölduselsskóli tók einnig þátt í Íslandsmóti grunnskólasveita sem fór fram 17. mars síðastliðinn. A-sveitin hafnaði í fjórða sæti og b-sveitin í því 18. Óskar Víkingur Davíðsson fékk jafnframt borðaverðlaun á mótinu, en hann fékk fullt hús vinninga á þriðja borði fyrir sveit Ölduselsskóla. Þá má geta að keppendur frá Ölduselsskóla náðu afburðagóðum árangri á



Við taflborðið í Ölduseli.

nýafstöðnu unglingsmeistarumótum Reykjavíkur, þar sem Mikhael Kravchuk hafnaði í þriðja sæti og Óskar Víkingur í því fjórða, og tryggðu þeir sér þar með annað

og þriðja sæti í flokki 12 ára og yngri. Ölduselsskóli óskar þessum frábæra keppendahóp til hamingju með árangurinn!

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: **511 1188**

TILBOÐ 1
APRÍL OG MAÍ TILBOÐ

HAMBORGARI - FRANSKAR
COCTEILSÓSA - KÓKDÓS



kr. 1000.-



BRAUTARSTÖÐIN

Ármúli 42

www.facebook.com/brautarstodin

TILBOÐ Á VORDÖGUM

HREINSUN Á GLUGGATJÖLDUM
MEÐ 25% AFSLÆTTI
22. TIL 26. APRÍL



5572400

EFNALBJORG@SIMNET.IS

VIÐ ERUM EINNIG Á FACEBOOK

VORIÐ ER KOMIÐ

En Full búð af litríkum og spennandi.
Vor og sumarfatnaði fyrir konur á.
Öllum aldri.
Munið vordagana 22. - 27. apríl.

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Afmælisboð

Borgarbókasafn fagnar 90 ára afmæli vikuna 22. til 28. apríl

Dagskrá Gerðubergssafns:

Föstudagur 26. apríl kl. 16.00

Afmæliskaffi og Gerðubergskórinn. Stjórnandi kórsins er Kári Friðriksson og undirleikari Árni Ísleifsson

Laugardagur 27. apríl kl. 14.00

Sirkus Íslands mun troða upp með ýmsum skemmtiatriðum eins og blaðrara, stultara og andlistmálun

Sjá dagskrána í heild á www.borgarbokasafn.is

1923-2013 **90** ára

**BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR**



Aðalsafn



Ársafn



Foldasafn



Gerðubergssafn



Kringlusafn



Sólheimasafn



Bókabíllinn Höfðingi

Ágústa er kennari aprílmánaðar

Kennari mánaðarins hjá Félagi framhaldsskólakennara er að þessu sinni Ágústa Jóhannsdóttir kennari á heilbrigðisviði Fjölbrotaskólans í Breiðholti.

Ágústa sem er hjúkrunarfræðingur og ljós- móðir að mennt, hefur kennt við skólann frá árinu 2001 og hefur m.a. umsjón með verkefnum námi sjúkraliða við heilbrigðisstofnanir. Gert var kynningarmyndband um Ágústu þar sem hún segir frá viðhorfi sínu til kennslunnar og einnig er rætt við nokkra nemendur FB og samkennara. Sjá nánar á heimasíðu Kennarasambands Íslands www.ki.is



Ágústa Jóhannsdóttir kennari við FB.

Vettvangsferðir á Þingvöll og Reykjanes

Á hverri önn er farið í vettvangsferðir í jarðfræðiáföngum skólans en það er Áslaug Gísladóttir jarðfræðikennari sem skipuleggur ferðirnar. Í þessum ferðum er leitast við að skoða það sem farið hefur verið í tímum yfir veturinn.

Í öðrum áfanganum skoða nemendur nýtingu jarðhita og vatnsfalla og ummerki flekaskila á Þingvöllum. Í hinum áfanganum er farið út á Reykjanes þar sem skoðuð eru ummerki og afleiðingar eldvirkni og hvaða áhrif ytri öfl hafa á yfirborð jarðar. Þessar ferðir eru mjög mikilvægar þáttur í kennslu jarðfræði en í þeim komast nemendur í tæri við námsefnið í réttu umhverfi og tengja þannig námsefnið við raunveruleikann.



Nemar á jarðvarmaslóðum á Reykjanesi.



Fiskisúpa Humarsúpa

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fáanlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.



FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

Anton Sveinn setti Íslandsmet



Anton Sveinn McKee setti glæsilegt Íslandsmet í 400 m skriðsundi á fyrsta degi ÍM-50. Hann synti á tímanum 3:56,65 en gamla metinu 3:56,91 deildi hann með Erni Arnarsyni.

Þetta er líka B-lágmark fyrir Heimsmeistaramótið í Barcelona í sumar. Eygló Ósk Gústafsdóttir var aðeins 6/100 úr sekúndu frá Íslandsmeti sínu í 200 m fjórsundi. Hún synti á tímanum 2:14,93. Með þessum tíma náði hún sínu öðru A-lágmarki fyrir Heimsmeistaramótið.



Eygló Ósk nærri eigin Íslandsmeti

Eygló Ósk Gústafsdóttir úr Ægi komst nærri eigin Íslandsmeti í 200 m baksundi þegar hún kom fyrst í mark á 2.11,98 mínútum á Íslandsmeistaramóti í 50 m laug fyrir skömmu.

Anton Sveinn McKee einnig úr Ægi var 11 sekúndum frá eigin meti í 1.500 m skriðsundi en vann engu að síður yfirburðarsigur á 15.38,58 mínútum. Næstur varð Færeyingurinn Oli Mortensen á 16.08,20 sem er færeytskt met. Rebekka Jaferian, Ægi, varð Íslandsmeistari í 400 m skriðsundi á 4.32,24.





ÞEGAR ANDLÁT BER AÐ HÖNDUM

Önnumst alla þætti útfararinnar

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Jón Bjarnason
útfararþjónusta

REYNSLA · UMHYGGJA · TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elíasson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði



Aukum kaupmáttinn

Kjósum lægra vöruverð

Lesið meira >

 SVP

Bikarregn í Breiðholti

Handboltalið ÍR og knattspyrnulið Leiknis sáu til þess að þrjú bikarar hafa nú skilað sér í Breiðholti úr boltaíþróttum á yfirstandandi tímabili. Það er gríðarlega mikill uppgangur í boltagreinum í Breiðholti um þessar mundir og Jón Gnarr, borgarstjóri, heilsaði upp á leikmenn liðanna í vikunni og óskaði þeim til hamingju með góðan árangur.

Það þótti við hæfi að hittast í Breiðholtslauginni en sundlaugin kom mikið við sögu í bikarfögnuði liðanna fyrr í vetur. Jón Heiðar Gunnarsson (leikmaður ÍR) og Ólafur Hrannar Kristjánsson (leikmaður Leiknis) tóku við heillaóskum frá borgarstjóra í blíðskaparveðri á sundlaugarbakkanum í Austurbergi. ÍR ingar urðu bikarmeistarar í handbolta í síðasta mánuði þar sem þeir lögðu Stjórnuna örugglega að velli, 33-24, fyrir framan troðfulla Laugardalshöll. Áður hafði ÍR einnig tryggt sér Reykjavíkumeistararatitilinn með fjögurra marka sigri á Val í Vodafone-höllinni í september. Leiknismenn komu sáu



og sigruðu Reykjavíkurmótið í knattspyrnu en þeir tryggðu sér Reykjavíkumeistararatitilinn með sigri í úrslitaleik gegn KR, 3-2.

Ný stjórn hjá knattspyrnudeild ÍR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi knattspyrnudeildar ÍR, sem haldinn var 20. mars síðastliðinn. Hana skipa: Jóhannes Guðlaugsson, sem jafnframt er formaður hennar, Hrólfur Sumarliðason, gjaldkeri, Guðmundur Sigurðsson, ritari, og Árni Birgisson og Þórður Már Jónsson, meðstjórnendur. Varamenn eru Sveinn Sveinsson og Gylfi Guðmundsson. Þá var það tilkynnt á fundinum að Sigurður Þ. Þorsteinsson, knattspyrnuþjálfari með meiru, yrði í hlutastarfi sem framkvæmdastjóri deildarinnar, en hann var áður varaformaður hennar.

Hinn nýkjörni formaður deildarinnar, Jóhannes

Guðlaugsson, leysir af hólmi Ídu Jensdóttur. Kvað hann í samtali við Breiðholtsblaðið mikinn hug vera í ÍR-ingum og að stefnan væri að gera gott starf enn betra, ekki sist með því að virkja meira en áður hinn almenna félagsmann til ýmissa starfa. Þess má geta að Jóhannes er Skagamaður að upplagi og þekkir vel til allra þátta sem snúa að knattspyrnunni eftir að hafa leikið með ÍA og þjálfað þar yngri flokka. Þá er hann faðir tveggja drengja sem æfa knattspyrnu á vegum ÍR, annar er einnig að þjálfar þar, og skorar hér með á aðra foreldra, sem eiga börn í boltanum, að styðja vel við bakið á félaginu á komandi misserum.

Námskeið hjá Judodeild ÍR

Judodeild hefur verið starfrækt hjá ÍR í bráðum 10 ár. Margir iðkendur hjá deildinni hafa náð góðum árangri og eiga ÍR-ingar meðal annars nokkra Íslands- og Reykjavíkumeistara. Einnig hafa keppendur frá deildinni keppt og unnið til verðlauna á mótum erlendis.

Nú í maí og júlí verður haldið 18 æfinga judónámskeið hjá deildinni. Kennit verður á mánudögum og miðvikudögum milli klukkan 18:30 til 20:00 fyrir aldursþópinn 14 ára og eldri. Þeir sem vilja prófa Judo geta fengið að prófa nokkrar æfingar áður en þeir borga æfingagjöld. Vel er tekið á móti nýliðum.

Fyrstu æfingarnar snúast um að kenna jafnvægi, brögð og veltur. Byrjendum er aldrei kastað í gólflið fyrir en þeir hafa lært að lenda án nokkurs sársauka.

Margir rugla Judo saman við sjálfsvarnaríþróttir eins og Karate. Judo er glímuíþrótt þar sem keppendur taka glímutilök í jakka hvors annars og reyna að kasta andstæðingnum þannig að hann lendi á bakinu. Ef kastbragðið tekst ekki nógu vel heldur viðureignin áfram í gólfinu þar sem meðal annars er hægt að sigra með áhrifaríkum fastatökum. Iðkun Judo eykur mjög styrk, úthald, liðleika og snerpu iðkenda. Þó að Judo sé

öflug sjálfsvörn þá er Judo fyrst og fremst íþrótt en ekki leið til að standa öðrum frammar í átökum. Þess vegna er lögð áhersla á að iðkendur forðist átök utan æfinga og keppni. Mikil áhersla er lögð á drengilega framkomu og jákvæðan aga þannig að iðkendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Leiðbeinendur á námskeiðinu verða Ásgeir Erlendur Ásgeirsson, Garðar Elís Arason, Gísli Fannar Vilborgarson og Kjartan Magnússon. Námskeiðið er níu vikur og kostar 15.000 kr. Það fer fram í ÍR heimilinu, Skógarseli 12. Nánari upplýsingar fást hjá ÍR í síma 5877080.

Mikill mannauður í frjálsíþróttadeildinni

Öll stjórn Frjálsíþróttadeildarinnar ÍR var endurkjörin á aðalfund deildarinnar þann 20. mars sl. en hana skipa Margrét Héðinsdóttir formaður, Fríða Rún Þórðardóttir varaformaður, Helga Jensen gjaldkeri, Guðbjörg Lilja Svansdóttir og Sigurður Þórarinnson meðstjórnendur. Varamenn eru Guðmundur Þ. Guðmundsson og Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir. Venjuleg aðalfundarstörf voru í hávegum höfð en síðan tóku við viðurkenningar til þeirra íþróttamanna sem sköruðu fram úr á árinu 2012.

Aníta Hinriksdóttir var valin frjálsíþróttakona ÍR, besti kvenhlaupari og efnilegasta stúlka ÍR 15 til 17 ára á aðalfundinum. Einar Daði Lárusson var valinn frjálsíþróttakarli ÍR og besti karlstökkvari ÍR, Ívar Kristinn Jasonarson og Snorri Sigurðsson voru valdir bestu karlhlauparar ÍR, Sigurún K. Barkardóttir var valin besti kvenskokkari ÍR, Sigurður Þórarinnson var valinn besti karlskokkari ÍR, Sigurbjörg Eðvarðsdóttir var valin besti kvenöldungur ÍR, Sigurjón Sigurbjörnsson var valinn besti karliöldungur ÍR, Jóhanna Ingadóttir var valin besti kvenstökkvari ÍR, Sandra Pétursdóttir var valin besti kvenkastari ÍR, Guðmundur Svær-

isson var valinn besti karlkastari ÍR, Ármann Eydal Albertsson sýndi mestu framfarir 18 ára og eldri, Hilmar Örn Jónsson var valinn efnilegasti piltur 15 til 18 ára, Vilborg María Loftsdóttir var valin efnilegasta stúlka 11 og 14 ára og Alexander Freyr Lúðvíksson var valinn efnilegasti piltur 11 til 14 ára.

Einnig hlutu þau Þórdís Gísladóttir, Gunnar Páll Jóakimsson og Þráinn Hafsteinsson viðurkenningu fyrir ótult og óeigingjarnt starf í þágu deildarinnar. Á fundinum kom fram að 38 þjálfarar störfuðu hjá deildinni við þjálfun þeirra rúmlega 700 iðkenda sem skráð-

ir eru hjá deildinni á aldrinum 6 ára og uppúr. Framtíð deildarinnar er talin björt með allan þann mannauð sem hún hefur á að skipa og íþróttæskuna sem alin er upp hjá deildinni. „Það sem skiptir mestu er að skapa gott umhverfi fyrir börnin og unglíngana til að alast upp í og njóta þeirra samvista sem íþróttirnar bjóða uppá. Einnig er starfsemi deildarinnar vettvangur fyrir fjölskyldur til að sameinast í gefandi félagstarfi þar sem allir eru jafnir og allir geta lagt sitt af mörkum,“ segir Fríða Rún Þórðardóttir, varaformaður deildarinnar.

Sumarvinna fyrir krakka í 9. og 10. bekk

Allir krakkar í 9. og 10. bekk eru hvattir til að sækja um vinnu hjá Vinnuskóla Reykjavíkur. Núna mega 9. bekkingar vinna eins og 10. bekkingar þ.e. 7 klst. á dag í 3 vikur.

Laun í 9. bekk verða 397 kr./klst. og laun 10. bekk 528 kr./klst. Allir sem vilja vinnu hjá

ÍR þurfa að fara í gegnum þetta umsóknarferli hjá Rafrænni Reykjavík, en verða einnig að hafa samband við Sigrúnu Grétu íþróttastjóra ÍR sigrun@ir.is s: 587 7080. Vinnan felst í aðstoð inni á sumarnámskeiðum og umhirðu á svæði ÍR.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Þrjú knattspyrnumót á næstunni hjá ÍR

Það verður heilmikið um að vera á næstunni hjá ungu knattspyrnustrákum í ÍR. Þrjú mót eru framundan og verða þau öll haldin á gervigrasi ÍR við Skógarsel.

Mótin eru: Hlynsmót ÍR í 7. flokki karla. Það verður haldið sumardaginn fyrsta, 25. apríl, í samvinnu við Nettó og Íslensk fjallagrös. Subway-mót ÍR í 6. flokki karla verður síðan haldið á verkalyðsdaginn, 1. maí. Subway-mót ÍR í 5. flokki karla verður svo haldið á uppstigningardag, 9. maí. Fjölmörg félög senda lið á þessi mót og því verður ansi líflegt í Skógarselinu á þessum dögum. Fólki er að sjálfsgödu hvatt til þess að koma þangað og kíkja knattspyrnustjórnur framtíðar-



Ungir menn æfa taktana á knattspyrnuvelli. Mynd. ÍR.

innar og ekki sakar að geta þess að margvíslegt göðgæti verður í boði á meðan mótin standa yfir.

Sumarnámskeið

hjá ÍR



Munið að skoða öll sumarnámskeið sem verða í boði hjá ÍR í sumar. Upplýsingar um þau koma fljótlega inn á heimasíðu ÍR www.ir.is

Íþrótt- og leikjanámskeið, allar boltadeildirnar hjá ÍR verða með námskeið (karfa, knatt-

spyrna, handbolta), keiludeildin verður með námskeið í Óskjuhlíð og Egilshöll, frjálsíþróttadeildin á vallarsvæði ÍR og júdódeildin í ÍR heimilinu. Námskeið í boði fyrir 5 ára og eldri. Hlökkum til að sjá káta krakka hjá ÍR í sumar.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

<p>Opnunartímar:</p> <p>Mánud. Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00</p> <p>Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30</p> <p>Föstudaga 13:00 til 19:30</p> <p>Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00</p> <p>Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00</p>



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109



LITLA DÓTABÚÐIN

Pökkum frábærar viðtökur

VORDAGAR 22.-27.APRIL
-20% AFSLÁTTUR ALLA DAGANA -

NÝ SENDING AF KVENMANNSTÖSKUM
MIKIÐ ÚRVAL - GOTT VERÐ!



359,-
280,-



4729,-
3776,-



3929,-
3136,-



3599,-
2800,-

Gott verð
persónuleg þjónusta



2999,-
2392,-

Leikföng í miklu úrvali

Batman - Lego - G.I Joe - Fisherprice
Dora - Barbie - Baby born - Monster high - Bratzillaz
... og svo miklu meira



999,-
792,-



359,-
280,-



1899,-
1440,-



329,-
256,-

LITLA DÓTABÚÐIN

Álfabakka 12 (göngugötunni í Mjódd)

Sími: ☎ 571 9559



SUMARDAGURINN FYRSTI



Sumardagurinn fyrsti verður haldin hátíðlegur

fimmtudaginn 25. apríl í Hólmaseili kl. 11:00-14:00

Frábær fjölskylduskemmtun sem enginn má láta framhjá sér fara!

ÍR verður á staðnum með skemmtilegar kynningar á sínu starfi.

Skátafélagið Segull verður með apabré yfir andapollinn og kynningu á sumarnámskeiðum.

Seldar verður pylsur, gos og candyfloss.

Hljómsveitir, Hoppkastali og andlitsmálning.

SJÁUMST HRESS



Skátafélagið
SEGULL